


Ísafjarðarbær
B.t. Axel R. Överby
Umhverfis- og eignasvið



21. mars 2023

Efni: Svar við grenndarkynningu – Hlíðarvegur 4, 400

Með bréfi dags. 21. febrúar 2023, póstlagt þann 10. mars 2023, er fyrirspurn Kjartans Árnasonar vegna útlitsbreytinga að Hlíðarvegi 4 á Ísafirði kynnt ásamt afriti að aðaluppdrætti. Ísafjarðarbær óskar eftir athugasemdum vegna grenndarkynningar fyrir 22. mars 2023. Hér er Ísafjarðarbær vinsamlega bent á að frestur til athugasemda teljist namur þegar að umrædd gögn bíða ósend hjá sveitarfélaginu í 17 daga.

Undirrituð vilja koma á framfæri athugasemdum sem óskað er eftir að byggingaraðili og leyfisveitandi rýni í og svari til um gagnvart undirrituðum.

1. Hæðarlega lóðar

Athugasemd er gerð við ætlaðar breytingar á hæðarlegu lóðar upp að lóðarmörkum við Hlíðarveg 2.

Með því að setja bílastæði 8 metra meðfram lóðarmörkum við Hlíðarveg 2, þar sem lóðir liggja núþegar í halla, má ætla að veruleg breyting sé á hæðarlegu lóðar.

Ráðgerð breyting hefur áhrif á lóð Hlíðarvegs 2, með hækkun má ætla að mishæð milli lóða, á lóðarmörkum, verði á bilinu um 2 m til 2,50 m. Þá sé ekki tekið inn í reikninginn hæð girðingar á lóðarmörkum, sé hún ætluð, en það er ekki skýrt í aðaluppdrætti hvort hún sé fyrirhuguð á bílastæði við lóðarmörk Hlíðarvegs 2.

Ef hæð girðingar bætist ofan á mishæð lóða má ætla að á 8 metra kafla lóðarmarka verði mishæð frá vegg/girðingu og lóð Hlíðarvegs 2 allt að 3 metrar. Undirrituð telja það hafa veruleg áhrif á nágrannalóð, sér í lagi þar sem breyting er fyrirhuguð alveg upp að lóðarmörkum.

2. Bílastæði

Hér er komið á framfæri ábending til byggingaraðila og leyfisveitanda að mikilvægt sé að vanda efnisval og frágang bílastæðis með hliðsjón af uppsöfnun vatns. Komi til breytinga er sérstaklega bent á að mikilvægi þess að viðeigandi efnisvals verði undir stoðir á lóðarmörkum.

3. Aðkomuleiðir innan lóðar

Athugasemd er gerð við að ekki sé gert ráð fyrir aðkomuleið utandyra inn í garð Hlíðarvegs 4. Undirrituð óska eftir að byggingaraðili geri grein fyrir því.

4. Hæðarlega húss

Athugasemd er gerð við að aðaluppdráttur sýni ekki nýja hæðarlegu húss í samræmi við nánasta umhverfi, svo sem nærliggjandi húss. Það reynist erfitt að meta hvernig hækkun húss aðlagist við næsta umhverfinu. Einnig sé ekki hægt að meta skuggavarp út frá meðfylgjandi gögnum.

Fyrir hönd eigenda Tungötu 1 og Hlíðarvegs 2

Alberta C. Cudbjartsdóttir